



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Umræðutímar í lífsleikni

**Að kenna hópavinnu og
umræður á markvissan hátt**



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Lífsleiknin

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla er gert ráð fyrir í meginmarkmiðum að lífsleiknin efli:

- sjálfstæða hugsun
- siðvit
- borgaravitund og
- tjáningu.



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Erfiðleikar í umræðutímum

- Stórir hópar – fáir komast að.
- Sömu einstaklingarnir einangra umræðuna.
- Umræðutímar ekki hvetjandi fyrir alla.
- Markmiðin ekki ljós fyrir nemendum.
- Erfitt að meta frammistöðu.



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Markmið umræðu

- Að þjálfarar nemendur í að ræða álitamál á uppbyggilegan hátt.
- Að nemendur læri að tjá skoðun sína á skýran hátt.
- Að nemendur sýni öðrum virðingu og hlusti á skoðanir annarra.
- Að nemendur skilji mikilvægi þess að færa góð rök fyrir máli sínu
- Að nemendur læri að vinna í hópnum með öðrum.



Sókratísk aðferð

1. Stig – Umræður í hópum (20mín)

- Bekknum eða hópnum er skipt í 4-5 manna hópa.
- Hver hópur ræðir málið „lýðræði í skólastarfi” í 20 mínútur út frá gefnum punktum.

2. stig – panel (30mín)

- Einn hópur er valinn til að sitja í panel og stjórna umræðum.
- Einn meðlimur panelhópsins stjórnar umræðum.
- Hver hinna í panelhópnum fylgist gaumgæfilega með einum hópnum í umræðunni og metur hann síðan skv. sókratísku matsblaði.

3. Stig - Mat á hæfni í hópastarfi og skil á mati – umræður.

- Í lokin er jafningjamat á hæfni einstaklinga í hópavinnu skv. matsblaði. Þáttakendur meta alla í sínum hópi og skila matinu fyrst til stjórnanda, sem kemur niðurstöðum áfram til þátttakenda.



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Kostir aðferðarinnar

- Gefur góðan ramma utan um umræðutímana.
- Nemendur sjá á skýran hátt hvað þarf til að halda uppi góðri umræðu.
- Nemendur átta sig á markmiðum og leiðum aðferðarinnar.
- Auðveldar mat á virkni í umræðunni – matsblöð (rubrics).
- Hún er skemmtileg!!!! (líka fyrir stráka 😊).